

ARÐSKRÁ

fyrir Veiðifélag Skaftár.

Jörð	Einingar
Skál	16
Holt	24
Heiði	9
Hunkubakkar	9
Ytri-Dalbær	7
Hólmur	10
Nýibær	19
Kirkjubæjarklaustur	55
Hæðargarður	15
Eystri- og Ytri-Tunga	35
Ásgarður	40
Mörk	2
Geirland	60
Mörtunga	100
Prestbakki og Prestbakkakot	35
Breiðabólstaður	13
Keldunúpur	25
Hörghsdalur	20
Hörghslandsþorp	35
Fossjarðir	48
Þverá	23
Veiðiós, Mávabótarálar, Landbrotsvötn t.o.m. Vatnamótum	300
<i>Samtals einingar</i>	<i>1.000</i>

Samkvæmt ákvæðum 52. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum, staðfestist hér með, til þess að öðlast þegar gildi og til eftirbreytni þeim sem hlut eiga að máli, ofangreind arðskrá Veiðifélags Skaftár.

Landbúnaðarráðuneytinu, 16. desember 2004.

F. h. r.
Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi á svæði 5 í Dagverðarnesi, Skorradalshreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Skorradalshrepps þann 11. ágúst 2004 samþykkt breytingu á deiliskipulagi á svæði 5 í Dagverðarnesi, Skorradalshreppi. Breytingin felst í að:

- Nýtingu lóðar nr. 73 verður breytt í opið svæði í sameign allra lóðarhafa og á henni má ekki byggja hús.

- Lóðin nr. 72 breytist í 2 lóðir, 72 og 72a.
- Lóðinni nr. 74 verður breytt í þrjár lóðir, 74, 74a, og 74b.
- Göngustígur á milli lóðanna nr. 78 og 80 fellur niður.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Grund, 10. desember 2004.

F.h. sveitarstjórnar Skorradalshrepps,

Davíð Pétursson oddviti.

REGLUGERÐ

um gæði raforku og afhendingaröryggi.

I. KAFLI

Markmið, gildissvið, frávik og skilgreiningar.

1. gr.

Markmið.

Markmið þessarar reglugerðar er að tryggja, svo sem kostur er, fullnægjandi gæði og afhendingaröryggi raforku í íslenska raforkukerfinu og stuðla að þjóðhagslega hagkvæmum rekstri og uppbyggingu raforkukerfisins að teknu tilliti til almannahagsmuna og sérstakra hagsmuna aðila.

2. gr.

Gildissvið.

Ákvæði reglugerðarinnar gilda fyrir vinnslufyrirtæki, flutningsfyrirtæki og dreifiveitur. Um tengingu notenda við flutningskerfi gilda einnig tæknileg ákvæði þess svo og „Tæknilegir tengiskilmálar raforkudreifingar“ vegna tengingar notenda við dreifikerfið.

Þar sem annars er ekki getið gildir spennustaðallinn ÍST/EN 50160 í reglugerð þessari.

3. gr.

Frávik.

Flutningsfyrirtæki, dreifiveitur og vinnslufyrirtæki geta gert samning við viðskiptavinina sína um önnur afhendingargæði en þau sem tilgreind eru í reglum þessum. Í slíkum samningi skulu áður nefnd fyrirtæki gera viðskiptavininum sínum skýra grein fyrir afleiðingum er leiða af samningnum. Þrátt fyrir slíkan samning skulu aðrir viðskiptavinir flutningsfyrirtækis/dreifiveitna njóta afhendingargæða sem eru innan þeirra marka sem skilgreind eru í þessum reglum.

4. gr.

Skilgreiningar.

Eftirfarandi skilgreiningar eru notaðar í reglugerð þessari:

Afhendingargæði: Gæði spennu og tíðni ásamt öryggi afhendingar raforku í flutnings- og dreifikerfum og vinnslufyrirtækjum auk upplýsingargjafar til notenda.